

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

67. fundur Stjórnar BS bs. haldinn miðvikudaginn 19. október 2022

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Birgir Örn Ólafsson, Magnús S. Magnússon, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

1. Staða fjármála.

- Rekstur fyrstu 9 mánuðina er samkvæmt áætlun.

2. Drög að fjárhagsáætlun 2023.

- Drög að fjárhagsáætlun fyrir 2023. Fyrri umræða, stjórn samþykkir drögin og felur slökkviliðsstjóra að senda drögin á sveitarfélögin.
- Þetta eru drög að fjárhagsáætlun og er farið mjög varlega í hækkun fyrir sveitarfélögin eða um 7,5%, en í fjárhagsáætlun síðasta árs var gert ráð fyrir að hækkun yrði 12%. Nokkrir óvissuþættir eru í þessari áætlun á þessari stundu og eru þeir helst að laun hækka um áramót í samræmi við kjarasamninga á almennum markaði. Síðan eru kjarasamningar LSS lausir 1.okt. á næsta ári og reikna má með því að þá verði hækkun launa. Við erum ekki búnir að landa samningum við SÍ og óvíst hvernig sú niðurstaða verður. Þá eigum við eftir að sjá endanlega hver kostnaðarauki verður vegna betri vinnutíma verður.

3. Staðan í samningum við SÍ.

- Viðræður eru við SÍ um nýjan samning um sjúkraflutninga og hafa SÍ óskað eftir ýmsum gögnum sem við höfum tekið saman og sent þeim.

4. Samkomulag við starfsmenn um betri vinnutíma.

- Samkomulag um betri vinnutíma hefur náðst á milli BS og starfsmanna og var samkomulagið unnið í góðu samstarfi við starfsmenn og náðist að uppfylla þau markmið sem sett voru fram í kjarasamningi og þær óskir sem starfsmenn settu fram. Með þessu samkomulagi teljum við að BS hafi náð að draga verulega úr þeim kostnaðarauka sem vinnutímastyttingunni fylgir.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

-
- *Stjórn samþykkir samninginn og lýsir yfir ánægju með hann og þann árangur sem náðist í góðri sátt við starfsmenn.*
5. Samningur við vegagerðina.
- Samningur hefur verið undirritaður við vegagerðina um upphreinsun á vegum eftir umferðaróhöpp o.þ.h.
 - *Stjórn staðfestir samningin.*
6. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
- Við höfum átt í viðræðum við Isavia um sameiginleg kaup á sýndarveruleikabúnaði til æfinga, fyrirkomulag í FLE, vettvangsliðar/starfsmenn BS og samvinnu milli BS og flugvallarþjónustu Isavia.
 - Samningur milli BS og SÍ hefur verið laus frá áramótum en samningar standa yfir. Á þesari stundu vitum við ekki hver niðurstaða samninga verður, en settar hafa verið fram skýrar kröfur sem gera ráð fyrir leiðréttingu á eldri samningi sem tekur tillit til fólksfölgunar og mikillar aukningar á verkefnum.
7. Önnur mál. Nýr fundartími stjórnar, þriðji fimmtudagur hvers mánaðar kl:16:00.

Fundi slitið kl. 17:15